

17
25. febr.

Sýslur og bæjarfjölög.	Lausafjár- hundruð árið 1882	Fasteignar- hundruð ept- ir jarðabók- inni 1861	Manntal 1/10 1880	Upphæð kr.
1. Austur-Skaptafellssýsla	915,8	1013,5	1275	160
2. Vestur-Skaptafellssýsla	1852,0	2049,5	2229	300
3. Rangárvallasýsla	3313,8	7468,4	5360	780
4. Árnessýsla	3874,3	8606,8	6257	910
5. Vestmannaeyjasýsla	123,6	389,5	557	60
6. Kjósar- og Gullbringusýsla	1627,8	4821,5	5660	640
7. Reykjavíkur kaupstaður	238,3	355,5	2567	200
8. Borgarfjarðarsýsla	1156,2	3747,4	2598	370
9. Mýrasýsla	1295,0	3286,2	2328	340
10. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	846,9	4261,7	3272	420
11. Dalasýsla	1319,5	3692,6	2357	350
12. Barðastrandarsýsla	816,5	3877,2	2857	380
13. Ísafjarðar kaupstaður	91,2	14,4	518	40
14. Ísafjarðarsýsla	1437,3	3768,7	5033	550
15. Strandasýsla	904,0	1554,2	1861	220
16. Húnavatnssýsla	4768,5	7209,4	5028	800
17. Skagafjarðarsýsla	4135,0	7667,9	4599	770
18. Akureyrar kaupstaður	66,2	12,3	545	40
19. Eyjafjarðarsýsla	3625,0	7901,0	4780	770
20. Suðurlingeyjarsýsla	2833,9	5191,6	3765	570
21. Norðurlingeyjarsýsla	1270,9	1840,8	1571	230
22. Norðurmúlasýsla	4214,5	4159,0	3825	580
23. Suðurmúlasýsla	3142,1	3866,0	3603	520
	43868,1	86755,1	72445	10000

Um leið og jeg kunngjöri þetta, skora jeg hjermeð á sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, er hlut eiga að máli, að senda sem fyrst hlutaðeigandi amtmanni áleiðis til landshöfðingja tillögur sínar um, hversu verja skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslu- eða bæjarfjelagi er ætluð, eptir því sem að framan er skráð, fyrir árið 1885. Þá er tillögurnar svo eru samþykktar, mun hver upphæð verða ávísuð til útborgunar úr landssjóði.

Reykjavík 25. febrúar 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jónsson.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um skiptingu Akranesshrepps — Með þóknanlegu brjefi, dags. 12. p. m., hafið þjer, herra amtmannur, sent hingað erindi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Akranesshreppi fer þess á leit, að hinum núverandi Akranesshreppi verði skipt í 2 hreppa, og hafið þjer mælt með því, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppaskiptingu þessa á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekinn í erindi sýslumannsins.

18
20. febr.

18

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

20. febr. 1. Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Ytri-Akraneshreppur og Innri-Akraneshreppur, og skulu takmörkin milli hreppanna myndast af línu, er dregin sje beina sjónhending úr Kalmannsvíkurlækjarósi austanvert við Jaðarstúnið og þaðan eptir gömlu garðlagi, sem liggur suður og ofanað sjónum fyrir austan Jaðar í Klöpp þá, er liggur á miðjum Langasandi, þannig að allt það land, sem liggur Skagamegin við áminnsta línu liggi í Ytri-Akraneshreppi en hinn hlutinn í Innri-Akraneshreppi.
2. Öllum eignum skuldum og ómagineðlögum hins núverandi Akraneshrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa að til-
tölu við sveitarútsvörin 5 síðastliðin fardagaár, einsog þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps um sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta ómagineðlögum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, milli hinna nýju hreppa, er hingað til hefur átt sjer stað.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og ómagineðlögum og sýslunefndin skera úr, ef ágreiningur verður.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

19

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um neitun

20. febr. á endurborgun útflutningsgjalds. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi bæjarfógetans á Ísafirði, þarsem hann skýrir frá, að hann hafi synjað Hans A. Clausens verzlun þar í kaupstaðnum um að endurgjalda henni útflutningsgjald, að upphæð kr. 139,70, af saltfiski, sem átti að flytjast út með skipinu Gertrude Sarauw, en sem síðar var seldur á uppboðsþingi í Ísafjarðarsýslu, með því að umgetið skip strandaði á Skutulsfirði nóttina milli 14. og 15. nóv. f. á. eptir að það að öllu leyti var afgreitt til burtsiglingar, en jafnframt hefir bæjarfógetinn samkvæmt ósk hlutadeigandi verzlunarstjóra beiðst æðri úrskurðar um, hvort umrædd endurgjaldskrafa eigi að takast til greina.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður og bæjarfógetanum á Ísafirði samdóma um, að sjerstaka lagaheimild þyrfti til að endurborga rjettilega greitt útflutningsgjald og að með því að slík lagaheimild ekki er til, þá verði endurborgun sú, sem farið hefur verið fram á, eigi veitt.

EMBÆTTISSKIPUN.

24. febr. veitti landshöfðingi fyrrum presti að Kálfholti, sjera Stefáni Thordersen Vestmannaeyja prestakall í Rangárvallaprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.